

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi Flata og Lunda sem samþykkt var í bæjarstjórn í júlí 1961. Breytingarnar eru gerðar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og varða eftirtaldar lóðir:

Bakkaföt 2 og felst breytingin í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 12. apríl 2007.

Sunnuföt 4 og felst breytingin í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 7. desember 2006.

Móaföt 43 og felst breytingin í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. maí 2007.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulaginu Bæjargil 2 sem samþykkt var í bæjarstjórn í apríl 1984. Breytingarnar eru gerðar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og varða eftirtaldar lóðir:

Lóð nr. 17 við Bæjargil og felst breytingin í stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 21. júní 2007.

Lóð nr. 83 við Bæjargil og felst breytingin í stækkun lóðar og byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. maí 2007.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulaginu Arnarnesland – Akrar sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 5. nóvember 1992. Breytingarnar eru gerðar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og varða eftirtaldar lóðir:

Breiðakur 1-7, 2-8, 9-15, 10-16 og 18-22. Breytingin felst í stækkun útbyggingarreits og var samþykkt í bæjarstjórn þann 7. júlí 2007.

Byggakur 1-9, 2-10, 11-19, 12-20, 21-23 og 22-24. Breytingin felst í stækkun útbyggingarreits og var samþykkt í bæjarstjórn þann 7. júní 2007.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns sem samþykkt var í bæjarstjórn í maí 1997.

Breytingin varðar lóð nr. 2 við Miðhraun og nær til lóðarinnar Miðhrauns 2 og svæðis á milli Austurhrauns og Reykjanesbrautar að nýjum mislægum gatnamótum. Í breytingunni felst að lóðin Miðhraun 2 stækkar um 2.222 m² til austurs eða sem nemur því svæði sem er á milli Austurhrauns og Reykjanesbrautar að nýjum mislægum gatnamótum. Í austurhorni lóðarinnar er gert ráð fyrir einstefnu aðkomu frá afrein gatnamótanna en aðkoma frá Miðhrauni verður óbreytt. Byggingarreitir lóðarinnar breytist og norður hluti lóðarinnar verður hærri þannig að aðkoma að fyrirhugaðri verslun á annarri hæð verður að norðanverðu.

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 21. desember 2006.

Breytingar þessar taka hér með gildi.

Garðabæ, 17. júlí 2007.

Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur.